

Alþingi
Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 7. júní 2022
Tilvísun: 2022050944/GIÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga

1.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 19 maí 2022 um umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga (þskj. 715, 498. mál á 152. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á sóttvarnalögum í kjölfar þeirra reynslu sem fengist hefur hér á landi vegna heimsfaraldurs SARS-CoV-2-veirunnar.

Persónuvernd gerir eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsins:

2.

Í 3. gr. frumvarpsins segir að skylt sé að tilkynna um tiltekna sjúkdóma og sjúkdómsvalda, en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni persónugreindar upplýsingar um sjúkling og sjúkdómstilvik. Í ákvæðinu segir einnig að í reglugerð skuli ákveða hvaða sjúkdómar og sjúkdómsvaldar séu tilkynningarskyldir til sóttvarnalæknis, sbr. einnig heimild í 2. tölul. 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins.

Að mati Persónuverndar væri æskilegt að tilgreina einnig í reglugerð hvaða persónugreinanlegu upplýsingar skuli vera í tilkynningu til sóttvarnalæknis. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 40. yrði þá svohljóðandi: „Tilkynningarskyldu á sjúkdómum og atburðum til sóttvarnalæknis og efni tilkynningar, sbr. 1. mgr. 3. gr. [viðbót auðkennd með skáletrun]“.

3.

Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins er lögð til almenn heimild til handa sóttvarnalækni til vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga um heilsufar og lyfjanotkun einstaklinga, í þeim tilgangi að verjast alvarlegum heilsufarsögnum og til að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt sóttvarnalögum að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Einnig segir í ákvæðinu að sóttvarnalækni sé enn fremur heimilt að miðla upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er vegna sóttvarna, til annarra stofnana.

Umrædd frumvarpsgrein lýtur samkvæmt fyrirsögn sinni að samvinnu stofnana. Í ljósi þess telur Persónuvernd að ákvæði um almenna heimild sóttvarnalæknis til vinnslu persónuupplýsinga ætti



fremur heima í sérstöku ákvæði þar að lútandi eða, eftir atvikum, í 6. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutverk sóttvarnalæknis.

4.

Í 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins segir að sóttvarnalækni sé heimilt að halda skrá yfir þá sem sæta sóttkví og að honum sé jafnframt heimilt að miðla upplýsingum um einstaklinga í sóttkví og einangrun til aðila sem starfa sinna vegna þurfa á slíkum upplýsingum að halda, til dæmis aðila sem annast sjúkraflutninga, lögreglu, slökkviliðs og þeirra sem sinna heimahjúkrun eða annarri aðhlyningu á heimilum fólks.

Hér getur verið um að ræða afar umfangsmikla miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til fjölda aðila. Að mati Persónuverndar væri æskilegt að ráðherra væri gert að setja reglugerð um skilyrði þess að upplýsingum verði miðlað, hvaða upplýsingum skuli miðlað og tilgreint nánar til hvaða aðila heimilt verði að miðla upplýsingum um sóttkví og einangrun.

Leggur Persónuvernd því til að reglugerð samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins, þ.e. um nánari útfærslu á reglum 22. gr. frumvarpsins um einangrun og sóttkví, taki einnig til miðlunar persónuupplýsinga samkvæmt 2. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Yrði 5. tölul. 1. mgr. 40. gr. frumvarpsins þá svohljóðandi:

“Nánari útfærslu á þeim reglum sem gilda um þá sem sæta einangrun og sóttkví og miðlun persónuupplýsinga um þá til viðbragðsaðila og annarra sem starfa sinna vegna þurfa aðgang að upplýsingunum, sbr. 20. og 22. gr. [viðbót auðkennd með skáletrun]”

5.

Í 31. gr. frumvarpsins segir að ekki skuli framkvæma heilbrigðisskodun eða grípa til annarrar heilbrigðisráðstöfunar skv. D-hluta IV. kafla frumvarpsins án þess að fá fyrst skýlaust og upplýst samþykki viðkomandi ferðamanns fyrir því, eða foreldra hans eða forráðamanna, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 32. gr. frumvarpsins. Tekið er fram í 1. mgr. þeirrar greinar að unnt sé að fyrirskipa ferðamanni, eftir atvikum með aðstoð lögreglu, að hlýða skilyrðislaust fyrirmælum um ráðstafanir sem þessar, svo og um að láta í té upplýsingar og skjöl samkvæmt D-hluta IV-kafla frumvarpsins, ef grunur leikur á um smit og hann neitar að verða við beiðni um slíkt. Í 2. mgr. sömu greinar segir að lögreglustjóra sé heimilt að vísa útlendingi, sem ekki er búsettur hér á landi, úr landi við komu til landsins eða allt að sjö sólarhringum eftir komu ef hann neitar að verða við fyrirmælum um opinberar sóttvarnaráðstafanir gagnvart einstaklingum á landamærum Íslands vegna alvarlegs eða samfélagslega hættulegs sjúkdóms. Ákvæði 31. gr. frumvarpsins felur í sér innleiðingu á 3. mgr. 23. gr. alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar og er nær samhljóða því ákvæði.

Athygli er vakin á því að samþykki samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga felur í sér óþvingaða, sértæka, upplýsta og ótvíræða viljayfirlýsingu hins skráða um að hann samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Það að samþykki sé óþvingað samkvæmt framangreindu felur í sér að það þarf að vera veitt af fúsum og frjálsum vilja. Ef hinn skráði er undir þrýstingi að veita samþykki sitt eða hann þarf ella að sæta neikvæðum afleiðingum verður yfirlýsing um samþykki ekki talin frjálst og óþvinguð. Með hliðsjón af heimildum 32. gr. frumvarpsins verður ekki talið að samþykki skv. 31.



geti þess talist óþvingað. Með hliðsjón af framangreindu er því áréttað að samþykki samkvæmt 31. gr. frumvarpsins verður ekki talið uppfylla skilyrði samþykkis sem heimild til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. tölul. 9. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018.

Með hliðsjón af framangreindu skal þó tekið fram að það er skoðun Persónuverndar að æskilegt sé að aflað sé samþykkis áður en heilbrigðisskoðun eða annars konar heilbrigðisráðstöfun er framkvæmd, en áréttað er að yfirlýsing þar að lútandi verður ekki talin fullnægja kröfum persónuverndarlöggjafar til samþykkis sem heimildar fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Þá skal tekið fram að vinnslan getur þó samt sem áður farið fram á grundvelli annarra heimilda í persónuverndarlögum, svo sem 3. tölul. 9. gr. og 9. tölul. 11. gr. laga nr. 90/2018.

6.

Persónuvernd bendir á að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu persónuupplýsinga geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluáðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst samkvæmt nánari fyrirmælum 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þá segir meðal annars í 10. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar að ef mat á áhrifum á persónuvernd hefur þegar farið fram, sem hluti af almennu áhrifamati í tengslum við samþykkt laga, sé ekki nauðsynlegt að láta slíkt mat fara fram áður en vinnslustarfsemi hefst.

Persónuvernd bendir einnig á að samkvæmt 2. gr. auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á persónuvernd, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2018, þarf ávallt að fara fram mat á áhrifum á persónuvernd ef vinnsla persónuupplýsinga lýtur að tveimur eða fleiri flokkum tilvika sem tilgreind eru í ákvæðinu. Meðal tilvika sem þar eru nefnd eru vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga eða annarra persónuupplýsinga viðkvæms eðlis og umfangsmikil gagnavinnsla, sbr. 4. og 5. tölul. ákvæðisins.

Að mati Persónuverndar er því ljóst að skylt er að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpinu. Ákjósanlegt væri að það mat væri framkvæmt við undirbúning lagasetningar, til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fullnægi kröfum laga nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Þá ætti að tilgreina forsendur matsins og niðurstöður þess í lögskýringargögnum, t.d. í nefndarálit.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins að svo stöddu. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Þórunn Sveinsson


Gunnar Ingi Ágústsson